

# Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 750/2008

## 1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

<b>1.1 Vörukenni:</b>	<b>Sílikonpéttimassi rauður 80 ml</b>		
<b>Vörunúmer:</b>	<b>LM8948</b>		
<b>1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:</b>			
<b>Viðeigandi notkun</b>	Sílikonpéttiefni.		
<b>Notkun sem ráðið er frá</b>	Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.		
<b>1.3 Söluaðili:</b>	<b>Stilling ehf</b>	<b>Framleiðandi:</b>	LIQUI MOLY GmbH
	Kletthálsi 5		Jerg-Wieland Strasse 4
	110 Reykjavík		D-89081 Ulm-Lehr
			Þýskaland
<b>Sími:</b>	5208000		00-49-731-1420-0
<b>Netfang:</b>	<a href="mailto:stilling@stilling.is">stilling@stilling.is</a>		<a href="mailto:info@liqui-moly.de">info@liqui-moly.de</a>
<b>Veffang:</b>	<a href="http://www.stilling.is">www.stilling.is</a>		<a href="http://www.liqui-moly.de">www.liqui-moly.de</a>
<b>1.4 Neyðarsímanúmer:</b>	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

## 2. Hættugreining

### 2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Varan er ekki flokkuð sem hættuleg.

Flokkun skv. tilskipunum EB 67/548 og 1990/45 (með síðari breytingum): (Ísl. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum:)

Varan er ekki flokkuð sem hættuleg.

### 2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

**Hættutákn:** Engin.**Viðvörðunarorð:** Ekkert.**Hættusetningar** Engar.**Varnaðarsetningar**P102  
EUH208Geymist þar sem börn ná ekki til  
Inniheldur 2-Bútanon oxím, N-(3-(trímétoxýsilyl)própýl)etýlendíamín, bútan-2-on-O,O',O''-(metýl sílylidýn)tríoxím, bútan-2-on-O,O',O''-(vínýl sílylidýn)tríoxím  
Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.

EUH210

Öryggisblað er fánlegt sé um það beðið.

### 2.3 Aðrar hættur:

Sjá einnig 11. og 15. lið.

Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.

(PBT: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. vPvB: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

### 3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Vetniskolefni, C13-C23, n-alkanar, ísóalkanar, hringsambönd, <0,03% arómatar			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	1 - <5
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	Xn
EINECS, ELINECS	932-078-5	H-setningar	H65
CAS	-	Flokkun, hættumerking	Hættulegt heilsu
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eit.v.ásvelg. 1 - H304			

Annað:

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfærubreytur í 8. lið.

### 4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almennt	Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið lækni/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita lækni.
Innöndun	Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum.
Snerting við húð	Þurrkið húð með mjúkum, þurrum klút. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni verði vart við ertingu.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolon. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt.
Inntaka	Skolið munn vandlega með vatni. Gefið mikið vatn að drekka. Leitið strax lækni. Sýnið öryggisblaðið.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir:

Sjá lýsingu í lið 11. Birtingu einkenna getur seinkað um allmargar klukkustundir.  
Einkenni: Viðkvæmir gætu fengið ofnæmisviðbrögð.

4.3 Upplýsingar um tafarlausu lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

### 5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, slökkviduft, froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.  
Óhentugur slökkvibúnaður: Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast: kolmónoxíð, nituroxíð, formaldehyð, koldíoxíð, eitruð niðurbrotsefni,

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv.13.lið.

### 6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði.  
Reykið ekki. Varan getur myndað hákubletti.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg, eða mokið upp með handverkfærum.  
Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

#### 6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

### 7. Meðhöndlun og geymsla

#### 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist snertingu við húð og augu. Reykið ekki.

Losið ekki í niðurföll. Fylgið notkunarleiðbeiningum.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið.

Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður

en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.

Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

#### 7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum

á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Geymið fjarri sýrum og oxurum. Varan má ekki frjósa.

Forðist hátt hitastig (>50°C) og beint sólarljós. Æskilegt geymsluhitastig: 0-30°C.

#### 7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

### 8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

#### 8.1 Takmörkunarfærubreytur:

Efni:	8 klt ppm	8 klt mg/m <sup>3</sup>	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m <sup>3</sup>	Annað
Vetniskolefni, C13-C23, n-alkanar, ísóalkanar, hringalkanar, <0,03% arómatar		1200			WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtímamörk váhrifa (8 klt/dag).

#### 8.2 Váhrifavarnir:

##### Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.

Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnaskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

##### Persónuhlífar

##### Augnhlífar

##### Húð - hendur

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn. (EN166)

Notið efnaþolna hlífðarhanska úr nítrílgúmmíi. (EN374, >=0,1 mm). Notið verndarkrem.

Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

##### Húð - annað

Mælt er með notkun langgerma vinnufatnaðar og öryggisskófataðar. (EN20345). (EN14387).

##### Öndunarfæri

Sé loftræsting ófullnægjandi, notið viðurkennda öndunargrímu með síugerð A P2.

Gætið að notkunartíma öndunarbúnaðar.

### 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

#### 9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Seigfljótandi vökvi.
Lykt:	Einkennandi
Litur:	Skv. vörulýsingu
Eðlismassi við 20°C:	1,2 g/cm <sup>3</sup>
Leysanleiki í vatni:	Óleysanlegt við 23°C
Sprengifimi:	Varan er ekki sprengifim.
Oxandi eiginleikar:	Nei

#### 9.2 Aðrar upplýsingar:

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

### 10.1 Hvarfgirni:

Varan hefur ekki verið prófuð.

### 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

### 10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt.

### 10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Sjá einnig lið 7. Verjið gegn raka.

### 10.5 Ósamrýmanleg efni:

Vatn, basar, alkóhól, oxarar, sýrur.

### 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast: kolmónoxíð, nituroxíð, formaldehyð, koldíoxíð, eitruð niðurbrotsefni, 2-bútanon-oxím myndast við hörðun. Koldíoxíð í snertingu við sýrur.

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

### 11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Vetniskolefni, C13-C23, n-alkanar, ísóalkanar, hringsambönd, <0,03% arómatar					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, inntaka	LD <sub>50</sub>	>5000	mg/kg	rotta	OECD 401
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD <sub>50</sub>	>3160	mg/kg	kanína	OECD 402
Bráð eiturhrif, innöndun	LC <sub>50</sub>	>5266	mg/l/4 klst	rotta	OECD 403
Húðæting/erting		Neikvætt		kanína	OECD 404
Alvarlegur augnskaði		Neikvætt		kanína	OECD 405
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt		fólk	
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			OECD 471
Ásvelgingarhætta		Já			
Einkenni					Ógleði og uppköst, kviðverkir, niðurgangur.

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar

### 12.1 Eiturhrif:

Vetniskolefni, C13-C23, n-alkanar, ísóalkanar, hringsambönd, <0,03% arómatar					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LL <sub>50</sub>	>1000 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturhrif	LL <sub>50</sub>	>3193mg/l	48 klst	Daphnia	ISO 14669
Eiturhrif	Er <sub>50</sub>	>10000 mg/l	72 klst	Þörungur	ISO 10253
Þrávirkni og niðurbrot		74,00%	28 d		OECD 306
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt

## 13. Förgun

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

#### Vara

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best.

Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:

07 02 17 (úrgangur sem inniheldur silikonefni önnur en tilgreind eru í 07 02 16)

08 04 09 (úrgangslím og -þéttiefni sem í eru leysar lífrænir leysar eða önnur hættuleg efni)

#### Óhreinir umbúðir

Óhreinir umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hvorki skal gata, brenna eða skera í umbúðir. Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:

15 01 02 (plastumbúðir)

## 14. Upplýsingar um flutninga

ADR:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IMDG:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IATA:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

## 15. Upplýsingar varðandi regluverk

### 15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), 67/548 EB (DSD), 1999/45 EB (DPD). 2004/42 og 13/01/2010.  
Íslenskar reglugerðir 236/1990, 750/2008 og 866/2012.  
VOC (EB 2010/75) 0%

### 15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

## 16. Aðrar upplýsingar

### Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H65	Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku
H304	Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg

Útgáfa/Dags: 1/21.03.2015

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi. Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vörna eins og hún kemur frá seljanda. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

**LIQUI-MOLY GMBH**  
**SAFETY DATA SHEET according to Regulation (EC) No 1907/2006, Annex II**  
**SILIKON-DICHTMASSE ROT 80 ML**

Útgáfa: 16.07.2014 Útgáfa 0009

Kemur í stað: 20.01.2014 Útgáfa 0008